

Nd.

446. Frumvarp til laga

[214. mál]

um þátttöku Síldarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi í Siglufirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

Síldarverksmiðjum ríkisins er heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að leggja fram allt að kr. 2.000.000.00 sem hlutafé í hlutafélagi, sem stofnað yrði í Siglufirði í samvinnu við Siglufjarðarkaupstað, til að eiga og reka vélbáta frá Siglufirði, svo og botnvörpunginn Hafliða, sem nú er í eigu Siglufjarðarkaupstaðar. Framlag síldarverksmiðjanna verði 55% af hlutafé félagsins.

Heimild þessi miðast við, að skip væntanlegs útgerðarfélags verði í föstum viðskiptum við Síldarverksmiðjur ríkisins og hraðfrystihús þeirra, eftir því sem frekast verður við komið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Forsaga þessa máls er sú, að fyrir allmörgum árum reistu Síldarverksmiðjur ríkisins hraðfrystihús í Siglufirði. Tilgangur þeirra framkvæmda var tvíþættur. Myndaður var grundvöllur fyrir stöðugra atvinnulíf í Siglufirði vetrarmánuðina. Auk þess sköpuðu verksmiðjurnar þannig verkefni fyrir vélstjóra við verksmiðjurnar þann tíma, sem ekki var unnið að síldarbræðslu eða undirbúningi undir vertíðir.

Um skeið lögðu togararnir Hafliði og Elliði frystihúsinu til hráefni, en hvort tveggja er, að Elliði fórst og aflabrögðum togara fór hrakandi, svo að hráefnisöflun til frystihússins hefur ekki verið eins jöfn og æskilegt má teljast.

Með því að síldarverksmiðjunum er hagkvæmt að reka frystihúsið og halda þannig í starfsfólk, sem þær nauðsynlega þurfa á að halda sumarmánuðina, og sú ráðstöfun styrkir almennt atvinnuástand í Siglufirði, er eðlilegt, að verksmiðjurnar taki þátt í þeirri útgerð, sem nauðsynleg er til að frystihúsið fái nægt hráefni.

Fylgiskjal.

SÍLDARVERKSMIÐJUR RÍKISINS

Reykjavík, 28. september 1962.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, Reykjavík.

Á fundi stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins í gær var tekið fyrir bréf frá bæjarstjóranum á Siglufirði, dagsett 21. þ. m., þar sem farið er fram á, „að myndað verði sameignarfélag eða hlutafélag um frystihús S. R. og til kaupa á tveimur til þremur fiskiskipum, samhliða því að þessir aðilar myndi nýtt sameignar- eða hlutafélag um rekstur bv. Hafliða“.

Mál þetta var rætt allýtarlega í stjórn verksmiðjanna og var í því sambandi gerð svo hljóðandi samþykkt:

„Stjórn S. R. samþykkir að fara fram á heimild sjávarútvegsmálaráðherra til þess að leggja fram allt að tveim milljónum króna sem hlutafé í útgerðarfélagi, sem stofnað yrði í félagi við Siglufjarðarkaupstað til þess að kaupa og gera út vélbáta frá Siglufirði, sem yrðu í föstum viðskiptum við S. R. og hraðfrystihús þeirra.

Gengið er út frá, að S. R. eigi 55% af hlutafénu í umræddu félagi.“

Vér förum hér með fram á, að ráðuneytið veiti umbeðna heimild.

Að sjálfsgöðu þarf að athuga í því sambandi, hvort breyta þarf verksmiðjulongunum til þess að S. R. sé heimilt að leggja fram umrætt hlutafé.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins,

Sveinn Benediktsson.